

Nd.

**613. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um sparisjóði (þingskj. 271).

Frá nefndinni.

1. Við 1. gr. Orðið »allra« í 2. línu falli burt.
2. — 2. — Fyrir: »innborgað« í 6. línu komi: greitt.
3. — 3. — Fyrir: »innborgað« í 3. línu komi: greitt.
4. — 4. — Orðið »reglulegir« í 2. línu falli burt.
5. — 5. — Upphaf greinarinnar orðist svo:  
Í öllum viðskiftabókum sparisjóða skal vera prentað  
ágríp o. s. frv.
6. — 6. — Orðið »einstaks« í 1. línu falli burt.
7. — 6. — Fyrir: »færri vera« í sömu línu komi: vera færri.

8. Við 6. gr. Aftan við orðið: »menn« bætist; og skal einn þeirra vera formaður.
9. — 6. — Upphaf 2. liðs orðist svo:  
Birta skal jafnan, hverjir sjeu o. s. frv.
10. — 6. — Orðið »augljósa« í 1. línu 4. liðs falli burt.
11. — 7. — Orðið »nema fulltrygt fasteignarveð eða handveð sje fyrir« falli burt.
12. — 7. — Seinni liður falli burt.
13. — 8. — Orðin »um sig« í 2. línu falli burt.
14. — 8. — Niðurlag fyrri liðs orðist svo: sjeu þar að lútandi ákvæði í lögum sparisjóðsins eigi fullnægjandi.
15. — 8. — Fyrir orðin: »Allar stjórnarkosningar skal tafarlaust tilkynna« komi: Hverjir kosnir eru í stjórn sparisjóðs, skal jafnan tafarlaust tilkynna.
16. — 9. — Orðið »einstakan« í 1. línu falli burt.
17. — 9. — Orðin »Mega þeir ekki eiga sæti í stjórn sjóðsins, ef innstæðufje hans er 50 þús. kr. eða þar yfir« falli burt.
18. — 9. — Fyrir: »gjaldkeri« á 2. stöðum komi: fjehirðir.
19. — 9. — Fyrir: »innborgunum« í 7. línu komi: greiðslum.
20. — 10. — Orðin: »sem sparisjóðsfjehirðir« falli burt.
21. — 10. — Fyrir: »tryggingarinnar« komi: tryggingar.
22. — 10. — Fyrir: sparisjóðsstjórnarinnar« komi: sparisjóðsstjórnar.
23. — 11. — Fyrir: »borga út« komi: greiða.
24. — 11. — Fyrir: »hin útborgaða upphæð« komi: upphæðin.
25. — 11. — Fyrir: »þó« í 4. línu komi: þótt.
26. — 11. — Fyrir: »þangað til að« í 6. línu komi: þangað til.
27. — 12. — Fyrir orðin: »Sjerhver innstæðueigandi í sparisjóði« komi: Innstæðueigandi hver.
28. — 12. — Fyrir: »tilfærð« í 2. línu komi: tilgreind.
29. — 12. — Fyrir orðin: »færa yfir« í 1. línu 3. liðs komi: halda um.
30. — 12. — Fyrir: »skrá yfir« í 2. línu sama liðs komi: skrá um.
31. — 12. — Orðin: »einstaks« í 3. línu sama liðs falli burt.
32. — 12. — Fyrir orðin: »Heimilt er stjórnarráðinu að fyrirskipa« komi: Stjórnarráðið setur.
33. — 13. — Orðið: »neitt« í 1. línu falli burt.
34. — 13. — Fyrir: »sparisjóðsstjórnarinnar« komi: sparisjóðsstjórnar.
35. — 13. — Fyrir: »lásupphæðarinnar« komi: lásupphæðar.
36. — 13. — Orðin: »nokkru sinni« í 2. lið falli burt.
37. — 13. — Fyrir: »helming« í sama lið komi: helmingi.
38. — 13. — Fyrir: »innborguðu« í sama lið komi: greiddu.
39. — 13. — Orðin: »og mega þau aldrei eldri verða en 10 ára áður innheimtu þeirra sje fullkomlega lokið« falli burt.
40. — 13. — Aftan við 4. málsgrein bætist 5. málsgrein.
41. — 13. — Fram fyrir 6. málsgrein færast 7. málsgrein.
42. — 17. — Fyrir: »10% af sparisjóðsfjenu« komi: 5% af sparisjóðsinnstæðufjenu.
43. — 18. — Fyrir: »fullsaminn« í 2. línu komi: saminn.

44. Við 18. gr. Fyrir: »form« í 3. línu komi: fyrirmynd.  
 45. — 19. — Fyrir orðin: »Stjórnarráðinu er heimilt að setja« komi: Stjórnarráðið setur.  
 46. Við 20. gr. Fyrir: »getur« í 6. línu komi: þá getur.  
 47. — — — Fyrir: »svo« í 2. lið komi: þá.  
 48. — 21. — Fyrir: »Ef að« í 1. línu komi: Ef  
 49. — 23. — Á eftir: »samdir« í 2. línu (6. bls. <sup>7</sup>að ofan) sje komma og lítill stafur.  
 50. — 24. — Orðin: »á einhvern hátt« í 1. línu, falli burt.  
 51. — — — Orðin: »á Íslandi« í 3. línu, falli burt.  
 52. — — — Fyrir orðin: »má útborga« í 5. línu komi: þá má greiða.  
 53. — — — Orðin: »þar fyrir« í 7. línu, falli burt.  
 54. Á eftir 25. gr. komi ný grein, er verði:

26. gr.

Fje það, sem lagt hefir verið í sparisjóð, að vöxtum meðtöldum, er undanþegið kyrsetning og löghaldi, meðan það stendur þar.

55. Þar á eftir komi ný grein, er verði:

27. gr.

Sparisjóðir þeir, sem engan arð greiða stofnendum sínum, hluthöfum eða ábyrgðarmönnum, eru undanþegnir tekjuskatti og sömuleiðis útsvari, enda sje ekki heimilt, samkvæmt lögum eða reglugerð sparisjóðsins, að verja fje úr varasjóði til annars, en að bæta tjón það, er sjóðurinn kann að bíða, eða til nytsemdarfyrirtækja í almenningsþarfir.

56. Orðin: »hjer með« í 29. gr., falli burt.  
 57. Greinatalan breytist samkvæmt atkvæðagreiðslu.